



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Nóaborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Veturinn 2022-2023	7
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	15
4 Innra mat sérkennslu.....	18
5 Innra mat – fjöltyngd börn	20
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
8 Foreldrasamvinna.....	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
10 Fylgigögn.....	25
Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	25
Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal – íslenska.....	25
Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal - enska.....	25



Leiðarljós leikskólans

Leikum: Í leikskólanum er lögð höfuðáhersla á leik barnanna.

Lærum: Í gegnum leikinn læra börn best og því er mikilvægt að hann sé alltaf í forgrunni.

Njótum: Það að njóta þess sem verið er að gera skilar meiri árangri á alla vegu og gildir það bæði um börn og starfsfólk.

Leikskólinn vinnur skv. aðalnámskrá leikskóla en leggur sérstaka áherslu á að leika með stærðfræði, læsi og notkun upplýsingatækni.

Stærðfræði: Að örva formskynjun, rökhugsun, talna- og hugtakaskilning í gegnum leik.

Læsi: Að hafa ritmál sýnilegt í leikskólanum og bjóða börnunum upp á fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast læsi.

Upplýsingatækni: Að börn og starfsfólk kynnist fjölbreyttum möguleikum nútímatækni í leikskólastarfi með notkun tölva, spjaldtölva og annarra tækja sem tengjast upplýsingatækni.

Stærðfræði: Markmiðið er að börnin kynnist algengustu formunum og læri að þekkja þau. Yngstu börnin vinna með fá og einföld form, lögð er mikil áhersla á að leika með hugtakaskilning og tölustafirnir frá 1-5 eru sýnilegir og kynntir fyrir börnunum. Eftir því sem börnin verða eldri fjölga formunum sem leikið er með auk þess sem leitað er leiða í gegnum leikinn til að vinna með talnaskilning barnanna. Notuð eru ýmis spil og leikir sem markvisst örva form-, talna- og hugtakaskilning barnanna. Dæmi um það eru teningaspil, minnisþil, bingó og ýmis samstæðuspil. Viðfangsefnin verða flóknari eftir því sem börnin eldast og má í því sambandi nefna að á yngstu deildinni þara börnin saman stór form á vegg á meðan börnin á þeirri elstu gera flóknar myndir úr lausum formum og fara í vettvangsferðir að taka ljósmyndir af formum í umhverfinu sem og skrá niður bók- og tölustafi sem á vegi þeirra verða. Talnaskilningur örvast í daglegu starfi barnanna. Tölustafir eru hafðir aðgengilegir börnunum og eru víða hengdir upp. Á öllum deildunum fá börnin að leika sér með lausa tölustafi af ýmsum stærðum. Spiluð eru teningaspil af ýmsum gerðum og farið í talnaleiki. Yngstu börnin telja líkamshluta á meðan þau elstu eru í búðarleik með verðmerktar vörur, talnagrind og peninga. Lögð er áhersla á yfir- og undirhugtök. Hugtökin eru kynnt hlutlægt fyrir börnunum á ýmsan hátt í gegnum leik áður en farið er að vinna með þau á huglægan hátt. Mikið af heimatilbúnu efni er til í leikskólanum sem örvar stærðfræðilæsi barna á öllum deildum.

Læsi: Ritmálið er haft sýnilegt börnunum víða í leikskólanum. Leikefni er merkt með heiti og í hillunum er staðurinn fyrir leikefnið merktur þannig að hver hlutur rati alltaf á sinn stað aftur. Börnin



æfa sig í að skrifa nafnið sitt og á eldri deildunum fá börnin gjarnan skriffæri til að nota í ýmsum hlutverkaleikjum. Boðið er upp á ýmis viðfangsefni þar sem unnið er með bók- og tölustafi. Í hópastarfi er m.a. unnið með ritmálið í gegnum vísur og ævintýri. Þá er gott og mikið aðgengi að ýmsum viðfangsefnum sem tengjast læsi sem hægt er að leika með. Lubbi finnur málbein er kennsluefni sem eflir hljóðkerfisvitund barnanna. Höfundar efnisins eru Þóra Másdóttir doktor í talmeinafræði og Eyrún Ísfold Gísladóttir M.Ed í talmeinafræði. Unnið er með verkefnið á fjölbreyttan hátt á öllum deildum og geta áhugasamir kynnt sér efnið nánar hér: <https://www.lubbi.is/index.php>

Upplýsingatækni: Sérstakt rými er í leikskólanum sem tileinkað er leik með upplýsingatækni. Þar leika börnin sér í forritun, nota spjaldtölvur í skapandi starf sem og læsis- og stærðfræðiviðfangsefni. Allar deildir hafa a.m.k. eina spjaldtölvu og á elstu deildinni eru tvær borðtölvur. Leikskólinn hefur í tvígang tekið þátt í stóru Nordplus verkefni um upplýsingatækni í leikskóla sem hefur skilað góðum árangri, skemmtilegri og fjölbreyttri vinnu.

Fyrst og fremst er unnið með leiðarljósin í gegnum leik barnanna. Við leikum okkur með stærðfræðina og ritmálið sem víðast í daglegu starfi leikskólans. Stærðfræðin er allt í kringum okkur og við finnum hana t.d. í gegnum fín- og grófhreyfingar, listsköpun, gönguferðir, matmálstíma, samverustundir, í fataklefanum o.m.fl. Stærðfræðileg hugsun byggir á virkri reynslu barnanna af rými, tölum og fjölda. Virkni og reynsla eru forsenda hugsunar. Með virkni sinni byggir barnið upp eigin hugmyndaheim, öðlast nýja reynslu og ýtir röngum hugmyndum til hliðar. Viðfangsefnin í leiknum þurfa því að ögra hugmyndaheimi barnsins og vera rétt ofan við getu þess. Því leggjum við áherslu á hlutbundna vinnu með viðfangsefni stærðfræðinnar og læsis. Öll börnin eru daglega í hópastarfi og/eða vali þar sem stærðfræði- læsistengd- og upplýsingatækniviðfangsefni eru í boði og markvisst lögð inn á ýmsa vegu. Horft er til Menntastefnunnar í þessari vinnu og því unnið með örvun allra þroskapátta.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Framan af vetri setti Covid talsvert strik í starfsemi leikskólans eins og síðasta vetur og þegar við höldum að við værum að komast í eðlilega starfsemi greindist mygla og raki í leikskólanum en leikskólastjóri pantaði rakamælingu til að skoða hvort það væri eitthvað í húsnæðinu sem gæti verið að hafa áhrif á nokkuð tíð veikindi sumra barna og starfsmanna. Því miður varð sú raunin og skapaðist mikið óvissuástand um tíma í leikskólanum. Fljótlega varð ljóst að það þurfti að fara í framkvæmdir og að ekki væri hægt að starfrækja leikskólann í húsnæðinu á meðan. Við tók leit að húsnæði sem gæti tekið á móti heilum leikskóla og í byrjun júní færðist starfsemin yfir í Háteigsskóla. Þar áttum við að vera fram að sumarlokun og mæta svo í Nóaborg þegar við opnuðum aftur. Það var mikil og erfið vinna að yfirfara allt í leikskólanum því það þurfti að tæma húsnæðið. Því miður þurfti að henda meirihlutanum af því sem var í leikskólanum og sorglegt var að þurfa að henda yfir 1000 bókum sem . Annað sem gríðarlega erfitt var að horfa á eftir í ruslið var það gríðarlega mikla efni sem leikskólastjóri og sérkennslustjóri hafa búið til í gegnum árin. Þetta var mikið af leikefni og spilum sem tengjast málörvun, læsi og stærðfræði og er ekki hægt að leggja mat á það tjón sem varð við að þurfa að henda þessu enda mörg hundruð tíma vinna að baki. Starfsfólk reyndi í kappi við tímann að sótthreinsa leikefni sem mátti fara í uppþvottavél auk þess að flokka leikefni sem borgaði sig að senda í sótthreinsun. Þetta var mjög mikil vinna sem unnin var á opnunartíma leikskólans og álag á starfsfólk var um tíma óbærilegt. Mín skoðun er sú að ekki sé raunhæft að vera með opinn leikskóla á sama tíma og verið er að tæma heilan leikskóla.

Þegar framkvæmdir hófust svo í Nóaborg kom í ljós að skemmdir á húsnæðinu voru mun meiri en gert var ráð fyrir og augljóst að við værum ekki að fara til baka í bráð. Það þurfti því að finna plan B og niðurstaðan varð því miður ekki góð en engu að síður niðurstaða sem við sættum okkur við tímabundið. Eftir sumarlokun fórum við aftur í Háteigsskóla og vorum þar til 18. ágúst. Eftir það átti leikskólastarfið að flytjast á tvo staði, annars vegar í Safamýrarskóla og hins vegar í Brákarborg sem var að flytja í nýtt húsnæði. Í Safamýrarskóla átti að vera ein deild því þar er fyrir annar leikskóli og þegar hann fengi sitt húsnæði áttum við í Nóaborg öll að sameinast í Safamýrarskóla. Brákarborg er lítill leikskóli og þar er ekki pláss fyrir öll börn Nóaborgar. Planið var að halda okkar striki varðandi aðlögun nýrra barna og búið var að gefa dagsetningar til nýrra foreldra.

Degi áður en við yfirgáfum Háteigsskóla var mér hins vegar sagt að við gætum ekki farið í Safamýrarskóla og lausnin sem okkur var boðin í staðin var algjörlega óásættanleg. Þá þurfti enn og aftur að finna lausn en í þessari stöðu var engin góð lausn. Niðurstaðan varð þó sú að öll starfsemi Nóaborgar yrði í Brákarborg þar til við kæmumst í Safamýrarskóla. Þar sem húsnæði Brákarborgar tekur mun færri börn en eru í Nóaborg var ljóst að ekki væri hægt að aðlaga ný börn inn á áætluðum



tíma. Brákarborg var með 44 börn en við erum í miklum þrengslum með 56 börn þar. Þetta var því miður það eina í stöðunni en kallaði á enn meira rask en fyrir var bæði fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Því miður hefur þessi staða haft það í för með sér að foreldrar hafa hætt með barn í leikskólanum, foreldrar hafa hætt við að byrja með börnin sín í Nóaborg og börn eru í fríi frá leikskólanum þar til við förum í Safamýrarskóla. Nóaborg er fyrst og fremst hverfisleikskóli, margir foreldrar lifa bíllausum lífsstíl sem og starfsmenn og því er vera okkar í Brákarborg mörgum mjög flókin og þung. Þegar við förum í Safamýrarskóla erum við komin mun nær Nóaborg og flestir í göngufæri eða í góðu strætó leiðarkerfi.

Áætlað er að Nóaborg verði klár í október/nóvember og það er gulrótin okkar allra að við erum þá að koma til baka í algjörlega endurnýjað húsnæði. Það eru líka frábærar fréttir að hluti lóðarinnar verður endurnýjaður og hiti settur í gangstéttir við húsið.

Við höfum tekið þá ákvörðun að reyna að halda okkar striki eins og hægt er komandi vetur þrátt fyrir flóknar aðstæður. Vetrarstarfið fer af stað nokkurn veginn á sama tíma og alltaf og þegar við förum í Safamýrarskóla munum við aðlaga ný börn inn hratt. Það er því mikilvægt fyrir alla að við komumst í Safamýrarskóla seinni hluta septembermánaðar eins og áætlað er.



2 Veturinn 2022-2023

Við leggjum ekki árar í bát þótt við förum inn í komandi vetur í smá óvissu og hlökkum til spennandi vetrar með ýmsum nýjungum í starfinu.

Það er nokkuð ljóst að töluvert þarf að kaupa inn af efniviði enda þurfti að henda nánast öllu sem til var í leikskólanum. Það mun taka einhvern tíma en við munum forgangsraða og eitt skref í einu hefst þetta allt saman.

Við höfum ákveðið að breyta til í sambandi við skipulagt hópastarf og ætlum að skipta vetrinum í að vinna í þrjár vikur með ákveðið þema. Unnið verður 2x-3x í viku með efnið. Við munum leggja áherslu á að innan hvers þema rúmist að vinna með þá þroskaþætti sem lagt er á í Menntastefnu Reykjavíkurborgar en það eru: **Sjálfsþing, Sköpun, Heilbrigði, Félagsþærni og Læsi**. Það sem okkur finnst spennandi við þetta verkefni er að allir, bæði börn og starfsfólk eru þá að vinna að því sama í þrjár vikur. Það teljum við að skapi jákvæða stemmingu og mikla umræðu auk þess sem starfsfólk getur deilt hugmyndum sem tengjast þemanu hvert til annars. Þótt allir séu að vinna að sama þemanu er augljóst að nálgunin verður mismunandi eftir aldri barnanna. Samhliða þemavinnunni verður farið í að endurgera eins og hægt er það heimatilbúna leikfni sem var til í leikskólanum og var mikið notað í leik með börnunum, sérstaklega í tengslum við læsi, málörvun og stærðfræði. Þemavinnan verður sem hér segir með nokkrum hugmyndum að efnistöfum en búinn verður til hugmyndabanki þar sem ýmsum hugmyndum sem tengjast hverju þema verður safnað. Smátt og smátt mun svo bætast í þann banka eftir því sem fleiri hugmyndum vindur fram. Símat verður í gangi með hverju þema. Börnin munu „greiða atkvæði“ með broskarli eða fýlugarli eftir hvern tíma, þau eldri fá að fylgja „atkvæðagreiðslunni“ eftir með umræðu um tímenn. Í lok hvers tíma er svo tekið saman hvernig gekk, hvað mátti betur fara. Þannig klárast mat á hverju þema á meðan það er ferskt í huga starfsmanna og nýtist í innra mat vetrarins.

Útikennsla - haust 12.9.2022-30.9.2022



- Lesa bækur sem tengjast haustinu
- Syngja lög sem tengjast haustinu F
- Fara í gönguferðir og börnin taka myndir af því sem minnir á haustið
- Vinna útiverkefni í læsi og stærðfræði
- Safna könglum og laufblöðum og skapa úr efninu
- Hlusta á Haustið úr Árstíðum Vivaldis á meðan unnið er að



Form 3.10.2022-21.10.2022

- Taka myndir af formum í okkar nánasta umhverfibæði inni og úti
- Spila ýmis spil þar sem notuð eru form
- Búa til alls konar fígúrir úr formum
- Búa til spjöld (A4) með formum, búa til leir og láta börnin leira formin á spjöldin
- Gera trölladeig sem harðnar, láta börnin búa til þrjú form hvert sem er svo sett saman í óróa sem er hengdur í glugga
- Gera hveitbatik og láta börnin sprauta formum á léreft. Málað þegar það þornar, hveitið svo plokkað af og eftir stendur formið ómálað. Gert úr þessu t.d. mynd til að hengja í glugga, púði, diskamotta o.fl.
- Gera fullt af lausum formum til að leika með, flokka eftir lit og lögun (fjöldi tegunda eftir aldri)
- Líma form á plastfötur. Svo á að para saman lausu formin við föturnar með því að setja sama form ofan í. Bæði hægt að gera þetta í rólegheitum með því að sitja á gólfi og gera til skiptis en líka upplagt að setja formin í hrúgu í annan enda á herbergi, föturnar í hinn endann og svo er hálfgerð keppni. Eitt form tekið í einu og hlaupið með það í hinn endann á herberginu og það sett í rétta fötu. Hlaupið svo til baka og endurtekið.



Unnið með sögu/ævintýri 24.10.2022-11.11.2022

- Velja sögu/ævintýri eftir aldri barnanna, lesa hana og ræða innihald sögunnar, útskýra erfið orð o.s.frv. - hvert er þema sögunnar og hvernig er hægt að vinna með það t.d. í tengslum við læsi, stærðfræði, umhverfið o.fl.
- Finna lög sem hægt er að syngja í tengslum við þemað
- Búa til borðspil eða minnisþing sem tengist þemanu, eldri börnin gætu t.d. aðstoðað við þá vinnu

- Hópverkefni þar sem búið er til eitthvað úr sögunni úr pappamassa; persóna, hlutur eða annað.

Ljós og skuggar 14.11.2022-2.12.2022

- Ljósaborð, myndvarpar = leika með ljós og skugga
- Vasaljósadagur
- Syngja „Ég á lítinn skrýtinn skugga“
- Varpa hlut á vegginn með myndvarpa og börnin teikna hann á blað
- Búa til skuggabrúður og gera leikhús.



Ég sjálf/sjálft/sjálfur, líkaminn og fjölskyldan 2.1.2023-20.1.2023



- Hver er ég og hvernig er mín fjölskylda?
- Ólíkar fjölskyldur
- Skoða bækur um líkamann og ræða um líkamsparta, hvað þeir heita, hvað eru margir af hverju o.s.frv.
- Klæðast líffærabolnum og skoða líffærin í gegnum app sem fylgir
- Hópavinna þar sem unnið er verk með fjölda ýmissa líffæra
- Mála fjölskyldumynd
- Syngja og hlusta á lög um líkamann.

Bókstafir og tölustafir/talnaskilningur 23.1.2023-10.2.2023



- Spila fjölbreytt spil þar sem eru bókstafir og tölustafir
- Hvert barn býr til stafinn sinn á kartonpappír með því að líma
- t.d. hveitibatik sem varð til í vinnu með formin

- Farið um leikskólann og telja ákveðna hluti og skrá t.d. slökkvitæki, klukkur
- Syngja lög um tölustafi og bókstafi
- „Falinn hlutur“ þar sem lausir bókstafir eru faldir



- Borðspil og minnisspil með bókstöfum og tölustöfum
- Kasta teningi og fá sér jafn marga af einhverju
- Telja eitt og annað í umhverfinu
- Fara í gönguferð þar sem á að finna fyrirfram ákveðinn fjölda af einhverju t.d. umferðarskilti, rauða bíla, ruslatunnur, strætisvagna o.s.frv.

- Setja lausa bók- og tölustafi á vegg og hafa lausa á móti til að para saman

- Búa til bókstafi og tölustafi úr kubbum
- Þegar t.d. epli eru í eftirmat í hádegi bjóða börnum að velja hve marga bita þau vilja fá, skera og telja.

Listsköpun og tónlist 13.2.2023-3.3.2023

- Fara með þau sem geta á Kjarvalsstaði eða annað safn og skoða það sem er í gangi þar. Líka hægt að fara og skoða höggmyndir
- Börnin gera Öskudagsbúninga úr bolum/skyrtum með því að mála þá og skreyta eins og þau vilja –
- Fá tónlistarmann til að koma í Nóaborg
- Spila á hljóðfæri og halda tónleika fyrir næstu deild við hliðina
- Hlusta á fjölbreytta tónlist; klassík, þungarokk, íslenskt, tónlist á ýmsum tungumálum o.s.frv. Upplagt að enda hverja samverustund með hlustun á nýja tónlist
- Búa til hljóðfæri og hver deild spilar undir sínu óskalagi í samverustund í sal



Fjölbreytt vinna með læsi og hugtakaskilning 5.3.2023-24.3.2023



ETAST



- Vinna með rím: Spil, börnin gera samstæðuspil með rími
- Börnin búa til orð úr lausum bókstöfum og orðpörtum
- Minnispil/samstæðuspil með tveggja og þriggja stafa orðum fyrir þau yngri
- Borðspil með hugtökum
- Leikur með hugtök fyrir þau yngri, t.d. fara undir borð, upp á stól, fyrir aftan hurð, fyrir framan bolta o.s.frv. Í fataklefa tala um að fyrst förum við í þetta, svo þetta....
- Leika með hart og mjúkt
- Láta þau eldri skiptast á að draga spjald með lausum bókstaf og svo eiga börnin í sameiningu að finna eins mörg orð og þau geta sem byrja á viðkomandi bókstaf. Orðin skrifuð á töflu og skoðuð betur í lok leiks
- Búa til púsl þar sem á að púsla orðum/myndum

Upplýsingatækni 27.3-14.4

- Fá lánað í Mixtúru alls konar til að vinna með þessa daga
- Búa til forritunarspjald með einhverju skemmtilegu. Geta t.d. verið myndir af sögupersónum Astrid Lindgren sem á að „heimsækja“ með forritunarmúsinni
- Barn vikunnar er á sínum stað en fyrir utan hefðbundin hlutverk barnsins eins og að aðstoða við að leggja á borð og sækja mat þá tekur barnið myndir bæði heima og í leikskólanum. Foreldrar senda myndirnar í tölvupósti og í lok vikunnar er barnið með „fyrirlestur“ um þær myndir sem það tók, segir frá hverri mynd en myndunum er varpað á skjá og barnið stendur frammi fyrir hópnum. Í lokin er svo Lubba tákn barns og bókstafur skoðað og endað er á því að finna heimili barnsins með aðstoð Google og það skoðað.
- Athuga hvort hægt sé að halda sameiginlega söngstund á t.d. Teams með öðrum leikskóla
- Vinna með green screen, book creator o.fl.



Umhverfið okkar 17.4.2023-5.5.2023

- Skoða okkar nánasta umhverfi, fara í göngutúr og skoða merki um vorið. Taka myndir af því, skoða þegar komið er til baka og hvert barn málar mynd af einu vormerki

- Ræða um hvernig við eigum að ganga um umhverfið okkar, fara í stutta gönguferð og safna rusli. Láta ruslið þorna og jafnvel búa til verk úr ruslinu
- Skoða myndbönd af rusli t.d. í hafinu - ræða endurvinnslu og matarsóun
- Þótt við séum með endurvinnslutunnur við leikskólann er hægt að setja smá í poka af pappír, plasti, dósum, gleri, fatnaði og fara með í gámana við Kjarvalsstaði

Alþjóðavika Nóaborgar 8.5.2023-12.5.2023

Formlegu vetrarstarfi lýkur með Alþjóðavikunni sem hefur verið í mjög mörg ár í Nóaborg. Þessa viku er unnið að alls konar skemmtilegum viðfangsefnum sem tengjast þeirri fjölmenningu sem er í leikskólanum. Hver deild breytist í ákveðna heimsálfu og innan deildarinnar er unnið með viðfangsefni sem tengjast 3-4 löndum í álfunni. Börnunum er skipt í hópa og fara allir hópar til allra landa. Foreldrar og aðrir ættingjar og vinir eru velkomnir alla morgna þessa viku til að taka þátt í heimsferðalagi barnanna. Foreldrar af erlendum uppruna koma gjarnan og lesa fyrir börnin á sínu tungumáli, þeir koma með hluti að heiman til að sýna okkur og jafnvel eitthvað til að smakka. Síðasta daginn í þessari viku er gjarnan farið í skrúðgöngu um hverfið með fána þeirra landa sem hafa og hafa verið með tengingu við Nóaborg.

Markviss málörvun í gegnum hljóðanám íslensku máhljóðanna.

Að hverju er stefnt: Að halda áfram innleiðingu á Lubba námsefninu á öllum deildum leikskólans en sú vinna hefur verið í gangi undanfarin tvö ár. „Hljóðasmiðja Lubba byggir að stórum hluta á doktorsrannsókn Þóru Másdóttur (2008) um hljóðþróun ungra barna sem og á nýrri rannsókn um framburð 2 – 8 ára barna (Þóra Másdóttir, 2014). Í doktorsrannsókninni var máhljóða – tileinkun barna á aldrinum tveggja til þriggja ára skoðuð sem og frávík í framburði eldri leikskólabarna. Helstu niðurstöður bentu til kerfisbundins stíganda í hljóðþróun barna með hækkandi aldri. Ennfremur kom í ljós að þótt þróun máhljóða væri um margt svipuð í íslensku og öðrum skyldum tungumálum voru viss atriði sem teljast séríslensk (sjá nánar í handbók Hljóðasmiðjunnar). Höfundar rýndu í niðurstöður rannsóknarinnar og í bókinni Lubbi finnur málbein (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009) var máhljóðunum raðað að stórum hluta upp eftir tileinkunarröð, þ.e. í þeirri röð sem íslensk börn tileinka sér máhljóðin. Hljóðasmiðja Lubba byggir á sama grunni og er lögð sérstök áhersla á máhljóðin þótt bókstafirnir birtist sem fulltrúar þeirra, m.a. í þeim tilgangi að tengja saman hljóð og stafi í vinnu með lestur og ritun.“ (Tekið af lubbi.is)



Framkvæmd: Margt starfsfólk leikskólans hefur fengið námskeið frá höfundum Lubba námsefnisins. Unnið með hvert máhljóð í viku í senn og verður vinnan og verkefni fjölbreyttari eftir því sem börnin eru eldri. Einn starfsmaður á hverri deild heldur utan um Lubbavinnuna með dyggri aðstoð talmeinafræðings leikskólans sem sér um að skipuleggja innleiðingu máhljóðanna í þeirri röð sem námsefnið krefst. Foreldrar fá upplýsingar vikulega varðandi hvaða hljóð er verið að vinna með þá vikuna og geta þá framhaldið þeirri vinnu heima en löggin sem sungin eru með hverju hljóði eru t.d. aðgengileg á youtube.com. Talmeinafræðingur leikskólans útbjó síðasta vetur skemmtilega Powerpoint kynningu fyrir hvert máhljóð. Þar var m.a. að finna myndband með framburði og alls konar skemmtilegt sem tengdist hverju máhljóði eins og hreyfimyndir, lög hvers hljóðs til að syngja og hverjir í leikskólanum áttu hvert hljóð. Þessari kynningu var deilt bæði til starfsmanna og foreldra og vitað er að margir foreldrar nýttu sér þetta með sínum börnum. Kynningin verður yfirfarin og deilt aftur komandi vetur.



Tras skimunartækið er notað fyrir börn þriggja ára og eldri. Þá er Hljóm2 lagt fyrir elsta árganginn og þessi tvö tæki geta mælt framfarir í ákveðnum þáttum sem tengjast þessu verkefni.

Leikskólastjóri sótti í maí Tengslaráðstefnu Nordplus í Kaupmannahöfn en markmiðið með þessari ráðstefnu var að mynda tengsl við kollega frá Norðurlöndunum ásamt Eystrasaltslöndunum. Það er skemmt frá því að segja að myndaður hefur verið hópur stjórnenda frá nokkrum löndum og áætluð við að sækja um styrk til Nordplus til að vinna að samstarfsverkefni um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Undirbúningsfundur er áætlaður hér á Íslandi í lok nóvember þar sem við munum byrja á vinnu við umsóknina. Ef styrkur fæst er verkefnið unnið í tvö ár frá hausti 2023. Við í Nóaborg höfum verið að vinna að því að verða Réttindaskóli Unicef og þetta fyrirhugaða verkefni fellur mjög vel að þeirri vinnu.

Regnbogavottun Reykjavíkurborgar:

Leikskólinn fékk vottunina á skipulagsdegi þann 2. september sl. Til þess að fá vottunina þarf starfsfólk að taka þátt í fræðslu um hinsegin málefni og rýna þjónustuna sem veitt er á starfsstaðnum. Fræðslan byggir á ýmsum skemmtilegum verkefnum um hinseginleika en hún beinist einnig að því að skoða með hvaða hætti hver og einn vinnustaður geti verið hinseginvænni.



Markmiðið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustuþega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks. Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er fræðslupakki og upplýsingaefni um hinsegin málefni fyrir starfshópa og starfseiningar Reykjavíkurborgar.

Utanumhald þessa verkefnis er í höndum eins starfsmanns leikskólans. Þetta er skemmtilegt verkefni sem við hlökkum til að vinna með.



3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Innra mat á vetrarstarfinu fer venjulega fram á skipulagsdegi í byrjun júní en þá metur starfsfólkið hvernig veturinn hefur gengið í heild sinni. Vegna covid en þó sérstaklega vegna þess ástands sem kom upp á vormánuðum vegna raka og myglu og þeirri miklu vinnu sem þurfti að fara í vegna þess gafst því miður ekki tími til að fara í þessa vinnu og klára hana eins og við viljum skila henni af okkur. Því var ákveðið að sleppa innra matinu þetta árið og var það gert í samráði við Gyðu Guðmundsdóttur, fagstjóra leikskólahluta í Þjónustumiðstöð Vestur.

Eins og komandi vetur er settur upp með þemavinnu þá fer mat á hverju þema fram í lok hvarrar lotu sem gerir það að verkum að innra matið verður símat allan veturinn en bæði börn og starfsfólk munu meta hverja þemalotu í lok hennar.


Ytra mat

Skóla- og frístundasvið gerði ánægjukönnun á meðal starfsmanna borgarinnar eins og oft áður. Síðasta könnun var varúðarmerki fyrir okkur í Nóaborg en heildarniðurstaða þeirrar könnunar var á gulu en niðurstöður eru á grænu, gulu eða rauðu. Við fengum mannauðsráðgjafa til að fara yfir könnunina með okkur og fengum ráðgjöf varðandi þá þætti sem við ættum að leggja áherslu á til að bæta útkomuna og unnið var með þrjá þætti. Í leikskólanum vinnur þéttur og góður hópur starfsfólks sem allur sýndi vilja til að bæta úr enda var niðurstaðan 2021 algjör undantekning fyrir okkur í Nóaborg. Það er skemmst frá því að segja að niðurstöðurnar 2022 sýna allt aðra og mun betri niðurstöður. Verkefninu er þó aldrei lokið og við erum öll saman í því að gera góðan vinnustað enn betri.

Hér fyrir neðan eru tvær töflur með niðurstöðunum 2022. Sú efri sýnir heildar meðalskor þátta og þar sést vel munurinn á milli ára.

Meðalskor þátta

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna meðalskor 2021




Meðalskor þátta.

Þar sem súlan hefur lækkað á milli ára og er á gulu tengist fræðslu og þjálfun en vegna covid voru fá námskeið í boði. Þar sem ekki eru punktar eru spurningar sem voru ekki í síðustu könnun og snýr að vellíðan, álagi og vinnutímastyttingu. Vinnutímastyttingin er álagsvaldur í starfinu enda ekki gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna hennar. Það blasir þó við öllum sem vilja sjá að hún kostar og það þarf að koma afleysing í hús á móti þeim sem fara fyrir heim vegna styttingar. Það er gert ráð fyrir ákveðnum starfsmannafjölda í húsi miðað við aldur og fjölda barnanna og það segir sig sjálfst að þegar nokkrir starfsmenn fara fyrir heim eykst álagið á þá sem eru eftir og það er óásættanlegt. Börn eru ekki bunki af pappír á skrifborði sem bíða næsta dags. Ofan á fjarveru vegna styttingar bætast við veikindi, orlof, námskeið o.fl. og ef vinnutímastyttingin á að ganga smurt fyrir sig þarf að bæta við starfsfólki til að leysa af, öðruvísi heldur hún áfram að valda álagi.

Meðalskor spurninga í völdum þáttum

Súlur sýna meðalskor þátta valins árs, punktar sýna meðalskor 2021



Meðalskor spurninga í völdum þáttum:

Á þessu súluriti sést glöggt hvað niðurstöðurnar eru mun betri en á síðasta ári þótt við viljum sjá fleiri grænar niðurstöður. Þetta er þó á réttri leið og við öll í Nóaborg höldum áfram að gera góðan vinnustað betri. Það er eins og í fyrri töflu að rautt tengist álagi sem hefur verið mjög mikið, sérstaklega á covid tímum. Þarna er tafla fyrir covid álag og álag vegna vinnutímastyttingu sem er á rauðu. Covid er vonandi fyrir bí en það þarf að vinna sérstaklega með álagið vegna vinnutímastyttingarinnar og það verður ekki gert án aðkomu borgarinnar sem þarf að átta sig á því að hún kostar eigi hún að ganga vel. Þar sem lækkun er í gulu súlunni er fræðsla/námskeið eins og sagt er frá hér fyrir ofan. Þar sem ekki eru viðmiðunarpunktur eru nýjar spurningar og tengjast þær vinnutímastyttingunni að miklu leyti og við erum á gulu þar þrátt fyrir að vera með aðra útfærslu á styttingunni en margir aðrir. Við höfum ekki treyst okkur til að fara í fulla styttingu sem er 36 stunda vinnuvika þrátt fyrir að leikskólinn sé yfirmannaður m.a. til að reyna að koma til móts við styttinguna. Veikindafjarvistir starfsfólks eru vel yfir meðaltali leikskólastarfsmanna borgarinnar og vonin er sú að nú þegar verið er að endurnýja húsnæði leikskólans eftir raka og myglu að veikindin muni minnka sem þá skilar sér vonandi í minna álagi og auðveldi starfsfólki að fara í sína vinnutímastyttingu án þess að vera með samviskubit.

Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Þar sem ekki fór fram formlegt mat á starfi síðasta vetrar vegna ástandsins í leikskólanum hefur ekki verið gerð sérstök umbótaáætlun fyrir komandi vetur. Gera má ráð fyrir því að a.m.k. fram að áramótum muni starfsfólk leikskólans vera að koma sér almennilega fyrir í endurbættu húsnæði því þótt húsnæðið sjálft verði tilbúið fyrir starfsemina þá mun vanta mikið af innviðum.

Það þurfti að henda nánast öllu og sumt er óbætanlegt eins og bækur sem ekki fást lengur en hent var yfir 1000 bókum. Þá hefur alltaf verið mjög mikið af heimatilbúnu námsefni í leikskólanum, sérstaklega tengt málörvun/læsi og stærðfræði og hafa hundruðir vinnustunda farið í að útbúa efnið í gegnum árin sem flest hafa verið gerð af leikskólastjóra og sérkennslustjóra. Gríðarleg vinna er því framundan við að endurgera þetta efni og markmiðið er að nota veturinn í það og þá með aðkomu flestra starfsmanna. Mikilvægt er að allir starfsmenn leikskólans fái undirbúningstíma svo hægt verði að endurgera námsefnið en efnið var mjög mikið notað og markmiðið er að ná að endurgera eins mikið og hægt er á komandi vetri.

Það sem þó verður horft til er að gera góðan starfsanda betri sem er flókið í þessum erfiðu aðstæðum og það er áskorun. Starfsfólk hefur verið undir gríðarlegu álagi að undanfögnu þar sem myglan greindist nánast beint í kjölfarið á covidaflettingum.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Stuðningstímar voru skipulagðir á fjölbreyttan hátt. Í vissum tilfellum var nauðsynlegt að stuðningur fylgdi einu barni. Í öðrum tilfellum var stuðningur nýttur á deildum til að styðja við börnin í leik, í málörvunarstundum eða stundum með öðrum áherslum, t.d. þjálfun fínhyfinga, félagsþjálfun, við að styrkja sjálfstraust o.s.frv.</p> <p>Umhverfi og starf var lagað að þörfum þeirra barna sem á þurftu að halda.</p> <p>Skipuleggja þurfti náíð starf á næst yngstu deild með aðstoð hegðunarráðgjafa, en barnahópurinn var þannig samsettur að erfiðlega gekk að byggja upp rútínu og ró á deildinni.</p> <p>Reynt var að skipta börnunum sem mest upp til að fækka árekstrum og unnið var nánar með ákveðna nemendur, bæði í hóp og einstaklingsaðstæðum.</p> <p>Í samverustundum, matartíma og hvíld þurfti að hafa stíft skipulag og ákveðin börn þurftu manninn með sér ef vel átti að vera. Farið var nákvæmlega ofan í hverja stund dagsins og reynt var að laga þær að þörfum hópsins og einstaklinga.</p> <p>Grunur um áfallastreitu og tengslaröskun hjá ákveðnum nemendum Nóaborgar kallaði á enn aukna áherslu á jákvæð og hvetjandi samskipti við börnin, skýr mörk og mikla hlýju. Starfsfólk hafði fengið fræðslu um þessa þætti sl. haust. Góður árangur hefur náðst en verkefnið heldur áfram.</p> <p>Ráðgjöf var veitt til foreldra bæði að frumkvæði leikskólans og að beiðni foreldra. Ýmsir komu að ráðgjöfinni, þ.á.m. sérkennslutjóri og hegðunarráðgjafi.</p> <p>Talmeinafræðingur kom einnig að málum nokkurra barna og veitti ráðgjöf bæði fyrir foreldra og kennara.</p> <p>Talmeinafræðingur deildi með foreldrum Lubba námsefni sem þeir gátu nýtt sér heima. Í samtölum við foreldra hefur komið í ljós að</p>
---	--



	<p>námsefnið skilaði góðum árangri.</p> <p>Stuðningsaðilar skráðu hegðun og framfarir eftir hóp- og einstaklingsstundir eftir bestu getu. Stuðningsaðilar skráðu skriflega en einnig með ljósmyndum og myndböndum.</p> <p>Deildarstjóri næst yngstu deildar skráði skipulag og framgang vinnu með hegðunarráðgjafa á sinni deild skriflega.</p> <p>Talmeinafræðingur skráði nótur.</p> <p>Sérkennslustjóri skráði teymisfundi, samtöl við foreldra, stuðningsaðila, talmeinafræðing og aðra ráðgjafa eftir þörfum.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Sérkennslustjóri lagði HLJÓM-2 fyrir skólabörnin. AEPS-listinn var notaður fyrir tvö börn. Ekki náðist að byrja á að fylla út TRAS fyrir ný börn en þeir voru nýttir fyrir nokkur eldri sérkennslubörn. Nokkrir foreldrar fylltu út í Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann og/eða Orðaskil.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Lubbaefnið var nýtt á deildum og í sérkennslu. Stuðningur nýtti efni eins og Ljáðu mér eyra, Leggðu við hlustir, Tölum saman, Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og margt fleira. Ýmis öpp voru notuð og má þar nefna öpp með ofantöldu efni, Bitsboard, Puppet Pals og fleira.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Vinna að því að ná takti og rúttínu í starfi Nóaborgar sem hefur raskast vegna þeirrar miklu röskunar sem hefur	Samvinna sérkennslustjóra við sérstuðningskennara, deildarstjóra og annað starfsfólk um að endurnýja ómissandi námsgögn sem þurfti að	Sérkennslustjóri, sérstuðningur, deildarstjóri og o.fl.	Hófst í júní 2022	Aðmiku leyti í júlí 2023	Stutt könnun á líðan barna og kennara í Nóaborg í september og aftur í vor.	Grunnstarf sem leikskólans og sérkennslu komin í góðan takt. Minna álag á börnum og starfsfólki. Starfsfólk



	orðið vegna myglu í skólahúsnæðinu.	henda, s.s. myndrænar stundaskrár, myndrænar leiðbeiningar, málörvunargögn fyrir deildir og einstaklinga o.m.fl. Byggja upp rúttínu og markvissa vinnu í þeim aðstæðum sem leikskólinn býr við á næstu mánuðum og þegar komið er í endurbætt húsnæðið.					upplifir að starfið sé í nokkuð góðum takti.
--	-------------------------------------	--	--	--	--	--	--

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er aðallega nýtt í laun talmeinafræðings sem sinnir málörvun þeirra fjöltyngdu barna sem þurfa mest á þjálfun að halda, sinnir ráðgjöf um málörvun á deildum, ráðgjöf við foreldra og fleira. Á yngri deildum vinnur talmeinafræðingur mest með því að spjalla, leika og spila einföld spil við börnin með áherslu á grunnorðaforða. Á eldri deildum fá börnin málörvunarstundir þar sem unnið er með dýpri orðaforða, málfræði, hlustun o.s.frv. auk þess sem þau börn sem á þurfa að halda fá aðstoð með framburð.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?	Myndræn stundaskrá, leiðbeinandi myndir, málörvun og hvatning kennara í öllum aðstæðum. Kennarar eru m.a. hvattir til að setja orð á athafnir í öllu starfi, sýna myndir til að styðja málið þegar hægt er. Bókum er t.d. varpað á vegg (bókabíó) svo allir sjái vel þegar lesið er og það fjölgar tækifærum til að benda á myndir og útskýra orð. Boðið er upp á fjölbreytt spil sem börnin geta



<p>Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>spilað með kennara og/eða með öðrum börnum.</p> <p>Talmeinafræðingur vinnur einnig markvisst með fjöltyngdum börnum að því að styrkja grunnorðaforða og dýpka orðaforða einstaklingslega og í minni hópum.</p> <p>Við höfum notað gefðu 10 með fjöltyngdum börnum og öðrum sem við teljum þurfa á því að halda og tryggjum þannig að þau fái að lágmarki 30-50 mínútur (fer eftir fjölda kennara á deild) á dag í einstaklings samtöl við kennara. Til að byrja með er gott að vinna með grunnorðaforða en eftir því sem barninu fer fram er auðvelt að dýpka orðaforðann í þessum samtölum.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Á öllum deildum eru A4 spjöld með myndum af orðum í hæð barnanna sem kennarar leggja áherslu á í 1-2 vikur í einu. Orðaforði með Lubba, virkur lestur, söngur, börnin skoða bækur með kennara og/eða öðrum börnum, Bitsboard vinna með orðflokka, fjölbreytt orðaforðaspil, samtöl, sett orð á athafnir, endurtekið leiðrétt, samtöl o.s.frv.</p> <p>Farið er yfir orð í textum laga og orðin útskýrð. Myndir eru sýndar eða teiknaðar til útskýringar. Sama á við í lestri bóka. Notaðar eru loðtöflusögur, bókabíó (myndum úr bókunum varpað á tjald) o.fl. til að gera orðaforðann sýnilegri og efla þannig skilning barnanna.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Kennarar taka stöðuna með samtölum reglulega. Talmeinafræðingur skráir hjá sér nótur og heldur þannig utan um framfarir.</p> <p>Almennt hefur ekki hefur tekist að nota ákveðin matstæki til að meta framfarir fjöltyngdra barna. Samtöl kennara, deildarstjóra, talmeinafræðings og sérkennslustjóra þar sem farið er yfir stöðu barnanna hafa verið skráð og áætlanir verið byggðar á þeim. Í sumum tilfellum eru tekin upp málsýni. Í elsta árgangi hefur fyrirlögn HLJÓM-2 gefið mjög góða mynd af stöðu einstaka barna í elsta árgangi. Sérkennslustjóri tekur upp fyrirlögnina og fær þannig margbættar upplýsingar um stöðu einstakra barna.</p>



	Talmeinafræðingur hefur í nokkrum tilfellum lagt fyrir Málhljóðapróf þM auk þess sem hann tekur stundum málsýni.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Á deildum er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna. Börnin fá tækifæri til að vaxa og styrkjast í notkun tungumálsins, styrkleikar þeirra og áhugamál fá pláss og þau fá tækifæri og aðstoð við að tjá sig og vera virkir þátttakendur í starfi deildanna. Öll börnin taka m.a. þátt í verkefnum Barn vikunnar þar sem þau fá t.d. meiri sérstöðu, fá viðbótar hlutverk á deildinni. Þau taka myndir í leikskólanum og heima og kynna fyrir hinum börnunum. Með þessum hætti ná þau að deila með félögum sinni heimamenningu, jafnvel þó þau sem enn eiga erfitt með að tjá sig á íslensku.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	<i>Ekki tókst að ná þessum markmiðum á síðasta skólaári svo markmiðið er gera það á þessu skólaári. Nákvæmari markmið fyrir íslenskunám fjöltyngdra barna.</i>	Nýta Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn.	Deildarstjórar, talmeinafræðingur og sérkennslustjóri	Sept. 2022	Í lok skólaárs 2023	Framfarir fjöltyngdra barna skoðaðar með viðmið Hæfniramma í huga.	Kennarar hafa unnið samkvæmt hæfniramma og eru meðvitaðir um stöðu fjöltyngdra nemenda á sinni deild.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Því miður náðist ekki að taka starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn síðasta skólaár en markmiðið er að ná tveimur stuttum samtölum við hvern og einn komandi skólaár.

Þrátt fyrir covidáskoranir sóttu sumir starfsmenn hin ýmsu námskeið sem flest tengdust læsi og voru á vegum Menntafléttunnar. Allir starfsmenn fengu námskeið í skyndihjálp og fyrra námskeiðið sem tengist Regnbogavottun Reykjavíkurborgar var haldið. Vilborg G. Guðnadóttir, geðhjúkrunar-/fjölskyldufræðingur og handleiðari kom á skipulagsdag með fræðslu um áfallastreituröskun hjá börnum.

Komandi skólaár eru nokkur námskeið og fyrirlestrar á dagskrá. Seinni hluti námskeiðs um Regnbogavottun Reykjavíkurborgar var 2. september, Arna Steinsen kemur á skipulagsdag í október og fjallar um jákvæð samskipti, starfsmaður fer á Lubba námskeið auk þess sem önnur sértæk námskeið og fyrirlestrar verða sótt. Fyrirhugað er að starfsfólk leikskólans sækji námskeiðið „Leikur að læra“ í Alicante á Spáni í kringum Uppstigningardaginn 2023. Leikskólinn mun nota tvo skipulagsdaga vorannar í þetta.

Þá má taka það fram að tveir starfsmenn leikskólans voru að hefja mastersnám í leikskólakennarafræðum og tveir að hefja leikskólaliðanám.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Klambrar, Stakkaborg og Nóaborg hafa í mörg ár verið í samstarfi við Háteigsskóla og þá sérstaklega kennara og nemendur 1. bekkjar. Markmiðið er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og hittast elstu börnin í leikskólunum og 1. bekkur í Háteigsskóla talsvert yfir veturinn. Hópurinn hittist allur saman á Klambratúni að hausti og vori og svo eru gagnkvæmar heimsóknir á milli þeirra allan veturinn. Háteigsskóli býður börnunum að vera eina kennslustund með 1. bekk, þau fá að heimsækja íþróttahúsið, bókasafnið og er boðið á jólaskemmtun auk samveru á sal. Hver leikskóli heimsækir svo 1. bekk og 1. bekkur kemur í heimsókn í hvern leikskóla. Í gegnum þetta frábæra verkefni kynnast elstu börn leikskólanna þriggja hvert öðru og þekkjast því aðeins þegar þau svo hittast í 1. bekk í Háteigsskóla. Þá þekkjast þau einnig börnin sem eru þá komin í 2. bekk. Börnin heimsækja einnig frístundaheimili Háteigsskóla og fá að kynnast húsinu og starfinu þar. Þetta samstarfsverkefni sem ber heitið Skilaboðaskjóðan byrjaði sem þróunarverkefni á sínum tíma og hlaut að því loknu Hvatningarverðlaun Leikskólaráðs. Það er frábært að samstarfið hefur haldið áfram og þróast. Nákvæm tímasetning heimsóknanna er ekki tilbúin en hún er nokkurn veginn eins hvern vetur. Undanfarin 13 ár hefur einn starfsmaður Nóaborgar fylgt börnunum sem fara í Háteigsskóla og er



með þeim fyrstu skóladagana. Mikil ánægja er með þetta verkefni hjá börnum, foreldrum og kennurum 1. bekkjar. Þetta verkefni gekk ekki upp nema að litlu leyti síðasta vetur vegna Covid en vonir standa til að það náist að vinna það að fullu næsta skólaár

Flest börn Nóaborgar fara í Háteigsskóla og má segja að þau hafi fengið mjög góða aðlögun að skólanum með veru leikskólans í skólanum frá júníbyrjun og fram að grunnskólabyrjun með orlofshléi. Börnin kynntust vel skólahúsnæðinu, matsalnum, skólalóðinni og sumu starfsfólki.

8 Foreldrasamvinna

Í Nóaborg leggjum við mjög mikla áherslu á gott foreldrasamstarf, að foreldrunum líði vel með leikskólann og finnist þau örugg með börnin hjá okkur. Stjórnendur eru alltaf til taks ef þarf og eru foreldrar hvattir til að hafa strax samband ef áhyggjur vakna. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu hafi þeir tíma og áhuga. Sex fulltrúar foreldra auk leikskólastjóra skipuðu foreldraráð leikskólans síðasta vetur en skv. lögum skulu að lágmarki þrjú foreldrar auk leikskólastjóra sitja í ráðinu. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í foreldraráði gefa kost á sér til starfa og ef þörf þykir skal kosið á foreldrafundi á milli þeirra sem bjóða sig fram. Foreldraráðið skiptir hlutverkum á milli sín; formaður, ritari og meðstjórnandi. Hópurinn hittist nokkrum sinnum yfir veturinn til að ræða mál er snerta leikskólanum og síðasta vetur voru haldnir nokkrir fjarfundir vegna covid. Þá gefur foreldraráð umsögn um starfsáætlun og skólanámskrá en skólanámskráin er í vinnslu og verður vonandi kláruð á komandi vetri. Seinkun hefur orðið á námskrárvinnunni vegna covid og þess ástands sem við búum við núna. Þá eru ýmsar breytingar á starfinu gerðar í samráði við foreldraráðið. Nýjum foreldrum er boðið á fund í maí/júní þar sem starfið er kynnt og leikskólinn skoðaður. Þetta vorið var þessi kynning með fjarfundabúnaði og gekk mjög vel. Þá er haldinn foreldrafundur fyrir alla foreldra í september sem jafnframt er aðalfundur foreldrafélagsins. Á þessum fundi er kosið nýtt foreldraráð, ný stjórn foreldrafélagsins og vetrarstarf hveirrar deildar er kynnt. Foreldrum er boðið upp á stutt viðtöl að hausti, fljótlega eftir að barnið byrjar í leikskólanum eða flyst á milli deilda. Lengri viðtöl eru í febrúar/mars þar sem farið er yfir ýmsa þætti er varða börnin og veru þeirra í leikskólanum. Deildarstjórar bjóða svo upp á viðtalstíma eftir þörfum allan veturinn óski foreldrar eftir því. Þessir fundir fluttust að miklu leyti yfir á netið síðasta skólaár en þó náðist að halda einnig staðfundi og gátu foreldrar valið hvort hentaði betur.

Foreldrafélagið Örkin hans Nóa er starfrækt við leikskólann og í stjórn félagsins eru a.m.k. 2-3 foreldrar af hverri deild. Allir áhugasamir foreldrar eru þó velkomnir að starfa með stjórninni. Stjórnin hefur formann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur. Starfsmaður er fulltrúi leikskólans í stjórninni



sem hittist reglulega yfir veturinn. Foreldrar greiða 4.000 kr. tvisvar á ári í sérstakan sjóð og er sá peningur notaður í ýmsar upptakur o.fl. sem foreldrafélagið skipuleggur eða tekur þátt í. Má þar helst nefna tónlistarnámskeið, dansnámskeið, ljósmyndatöku, sjóræningjahátíð, jólasveina og gjafir á jólaball, hluta í sveita- eða fjöruferð og hluta kostnaðar við útskriftarferð elstu barnanna.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Þrír skipulagsdagar vetrarins þurfa að vera á sama tíma og Háteigsskóli er með frídaga en vegna fyrirhugaðrar námsferðar starfsfólks næsta vor náum við bara tveimur sameiginlegum þetta skólaárið. Leikskóladagatalið er einnig haft á ensku.

Skipulagsdagar skólaárið 2022-2023:

- 2. september
- 3. október - Háteigsskóli með starfsdag á yngsta- og miðstigi.
- 25. nóvember
- 6. febrúar – Dagur leikskólans. Háteigsskóli með starfsdag á yngsta- og miðstigi
- 19. og 22. maí – Fyrirhuguð námsferð starfsmanna Nóa borgar.

10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal – íslenska

Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal - enska

F.h. leikskólans Nóa borgar

Anna Margrét Ólafsdóttir
Leikskólastjóri

5. september 2022



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2022 – 2023
Leikskólinn Nóaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Arna Ásgeirsdóttir

Ágúst Elvar Bjarnason

Brynjar Gunnarsson

Halla Gunnarsdóttir

Lára Kristjana Lárusdóttir

Oddný Sturludóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Nóaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun Nóaborgar 2022-2023 og veitir hér umsögn sbr. 2 mgr. 11.gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Foreldraráð þakkar starfsfólki og stjórnendateymi Nóaborgar fyrir alúð og vönduð viðbrögð leikskólans á tíma COVID-19 og því rótleysi sem fylgt hefur flutningum á starfsemi skólans í vor og haust. Þau voru mikilvæg til að skapa ró og festu í lífi fjölskyldna sem eiga börn á Nóaborg.

Starfsáætlunin er metnaðarfull og lýsir fagmennsku, krafti og umbótavilja. Ánægjulegt er að sjá hve áhugasamt starfsfólk leikskólans er við að sækja sér nýja þekkingu, menntun og efla sig í starfi. Það er bæði mikilvægt fyrir ánægju starfsfólksins í starfi og leikskólastarfið sjálft. Foreldraráð óskar þess að leikskólastjóri og starfsfólk fái allan nauðsynlegan stuðning og hvatningu frá Reykjavíkurborg til



áframhaldandi þekkingaraukningar til að starfið á leikskólanum haldi áfram að vera framúrskarandi. Breyttri tilhögun á innra mati er fagnað, sérstaklega því vægi sem raddir barna munu hafa í matinu.

Foreldraráð óskar þess að leikskólastjóri og starfsfólk fái allan nauðsynlegan stuðning frá Reykjavíkurborg í þeim tilfæringum á starfi leikskólans sem framundan eru. Rask vegna flutninga hefur þegar verið mikið og starfsfólk hefur þurft að sinna flutningum á vinnutíma sem ætti að vera helgaður leikskólastarfinu. Börnin hafa liðið fyrir það. Faglegt starf hefur setið á hakanum og það er mat foreldraráðs að aðlögun barna milli deilda hafi verið óvanalega erfið í því róti sem hefur fylgt húsnæðisvandanum. Börnin fá þennan tíma aldrei aftur og til að halda utan um þau þarf að tryggja að starfsfólkið hafi til þess tíma og þrek. Því er nauðsynlegt að veita aukinn stuðning á meðan á raskinu stendur. Foreldraráð fer fram á að Nóaborg fái auka starfskrafta inn meðan á flutningum stendur, bæði yfir í Safamýrarskóla og þaðan aftur á Nóaborg. Þegar leikskólinn kemst aftur í húsnæði Nóaborgar munu börnin hafa verið á flækingi í sex mánuði, á þremur mismunandi stöðum. Eðlilega finna börn og foreldrar fyrir óöryggi á meðan þessu ástandi stendur. Foreldraráð óskar þess einnig að komið verði að fullu til móts við það fjárhagslega tap sem og vinnutap í tíma starfsfólk sem leikskólinn hefur orðið fyrir vegna ónýts leik- og námsefnis, bókakosts og efniviðar fyrir skapandi starf.

Foreldraráð er þakklátt fyrir þá umhyggju og rósemi sem starfsfólk hefur sýnt börnunum á þessu flókna tímabili. Ljóst er að ýmis umbótaverkefni verða að sitja á hakanum þegar leikskólinn stendur frammi fyrir óvæntum uppákomum, á borð við tíða flutninga vegna endurgerðar húsnæðis. Tilhlökkun fjölskyldna er mikil að sameinast aftur á verulega endurnýjaðri Nóaborg, auk þess sem nýlega kynnt hönnun á nýrri leikskólalóð er verulegt framfaraskref. Foreldraráð leggur áherslu á, eftir að leikskólastarfið hefur náð jafnvægi í Nóaborg að nýju, að ráðist verði í mikilvæg verkefni á borð við:

- Heimasíðugerð fyrir Nóaborg, en leikskólinn hefur ekki haft heimasíðu svo árum skiptir.
- Aukin notkun Völu, fyrir myndsendingar og aðra upplýsingagjöf sem er leikskólaforeldrum mikilvæg.
- Samráð við foreldra um aðlögun milli deilda og hvort og þá hvernig megi standa betur að henni.

Það er mikilvægt að hrósa því sem vel er gert og óhætt að segja að starfsfólk Nóaborgar hafi staðið sig frábærlega síðastliðið starfsár. Fyrst í gegnum Covid-19 faraldurinn og nú í gegnum rask og flutninga sem ekki enn sér fyrir endann á. Það er miður að flutningarnir hafi haft í för með sér að foreldrar hafi hætt með barn í leikskólanum og aðrir hafi hætt við að byrja með börnin í Nóaborg. En vonandi sjáum við fyrir endann á því þegar starfsemin flyst aftur í Nóaborg.

Foreldraráð er hér eftir sem hingað til reiðubúið að styðja við stjórnendur og starfsmenn í stöðugri viðleitni til umbóta.

Foreldraráð samþykkir starfsáætlun Nóaborgar og óskar stjórnendateymi og starfsfólki góðs starfsárs.

F.h. foreldraráðs
Ágúst Elvar Bjarnason



Fylgiskjal 2. Leikskóladagatal Nóaborgar 2022-2023

September

- 2. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður
- 8. Dagur læsis (spiladagur þar sem spiluð verða alls konar spil sem tengjast læsi)
- 12. Formlegt vetrarstarf hefst á öllum deildum
- 16. Útihreyfidagur
- 21. Aðalfundur foreldrafélagsins, kosning í stjórn foreldrafélagsins, kosning í foreldraráð og kynning á vetrarstarfi. Fundurinn haldinn í Brákarborg
- 23. Grænn dagur (allir koma í einhverju grænu í leikskólann)

Október

- 3. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður (Háteigsskóli með starfsdag á yngsta stigi)
- 7. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)
- 14. Dótadagur – börnin koma með leikföng að heiman
- 21. Formadagur – leikið með alls konar form á fjölbreyttan hátt
- 27. Náttfataball og bangsar. Börnin koma í náttfötum og með bangsa í tilefni af því að alþjóðlegur bangsadagur er 27. okt.

Nóvember

- 4. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)
- 16. Dagur íslenskrar tungu
- 18. Aðstandendakaffi frá kl. 15-16 (Við bjóðum afa/ömmu, ættingjum/vinum eða öðrum aðstandendum sem tengjast barninu. Hámark er að tveir til fjórir komi frá hverju barni).
- 20. Mælingadagur þar sem við munum mæla hvaðeina sem okkur dettur í hug
- 25. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

Desember

- 2. Vasaljósadagur – börnin koma með vasaljós að heiman og leikið með þau úti og inni
- 5. Piparkökubakstur – Sólbakki
- 6. Piparkökubakstur – Ólátagarður
- 7. Piparkökubakstur – Saltkráka
- 8. Piparkökubakstur – Skarkalagata
- 13. Afmæli Nóaborgar – leiksýning í salnum
- 16. Jólamaturlátur í hádeginu (hangikjöt og tilheyrandi)
- 16. Rauður dagur (allir koma í einhverju rauðu)
- 20. Jólball Nóaborgar (fyrirkomulag og staðsetning ákvarðast þegar nær dregur)



Janúar

- 2. Skipulagt starf hefst að nýju eftir jólafrí
- 6. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 13. Dótadagur (börnin koma með leikföng að heiman)
- 20. Þorri hefst – þorrablot í leikskólanum

Febrúar

- 3. Dagur stærðfræðinnar er fyrsti föstudagur í febrúar – Talningadagur þar sem við teljum eitt og annað í leikskólanum
- 6. Dagur leikskólans – Skipulagsdagur (starfsdagur á yngsta stigi í Háteigsskóla)
- 10. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 20. Bolludagur
- 21. Sprengidagur
- 22. Öskudagur (búningaball í leikskólanum fyrir hádegi)
- 24. **Gulur dagur (allir klæðast einhverju með gulu í)**

Mars

- 3. Listasmiðjudagur – settar verða upp ólíkar listasmiðjur og börnin velja sér svo eftir áhuga hvaða smiðju þau heimsækja (ein eða fleiri eftir áhuga)
- 10. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 13. Foreldraviðtöl hefjast og mun deildarstjóri herrar deildar auglýsa dagsetningar
- 24. Læsisdagur þar sem við leikum okkur með læsi á fjölbreyttan hátt

Apríl

- 5. **Blár dagur – allir koma í einhverju með bláu í**
- 5. Foreldrum boðið í morgunmat á milli kl. 8 og 9 (ristað brauð, kakó/kaffi)
- 14. Upplýsingatæknidagur - unnið með upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt.

Mái

- 5. Umhverfisdagur þar sem við vinnum með umhverfisvernd með ýmsum hætti.
- 8.-12. Alþjóðavika leikskólans
- 12. **Röndóttur dagur – allir koma í einhverju röndóttu**
- 19. og 22. Skipulagsdagar, leikskólinn lokaður vegna námsferðar starfsfólks.
- 26. Opið hús í Nóaborg frá kl. 15-16.30 (sýning á vetrarstarfi)
- ? Sveita/fjöruferð í samráði við foreldrafélagið
- ? Útskriftarferð elstu barna
- 31. Formleg útskrift elstu barnanna

Júní

- 2. Útihreyfidagur (leikir og þrautir í garðinum)
- 9. Útidótadagur (börnin koma með útileikföng að heiman)
- ? Sjóræningjahátíð í samráði við foreldrafélagið



Fylgiskjal 3 School calendar 2022-2023

September

- 2. Planning day – school is closed
- 8. The day of reading (we will play games that focus on reading, letters and so on)
- 12. The winter program starts formally
- 16. Outdoor sport day
- 21. Parent meeting in the evening (most likely held in Safamýrarskóli)
- 23. Green day (children and teachers wear something with green in it and we play with the color green)

October

- 3. Planning day – school is closed
- 7. Sport day (the children bring sports clothing to wear)
- 14. Toy day (the children can bring a toy from home to play with)
- 21. Shape day (we will play with all kind of shapes in many different ways)
- 27. Pajama party and Teddy bear day (the children bring pajamas and a teddy bear because of the International Teddy bear day that is this day.)

November

- 4. Sport day (the children bring sports clothing to wear)
- 16. The day of the Icelandic language
- 18. Family or friends are invited to visit us between 3 and 4PM. (2-4 persons at the most)
- 18. Measure day where we will measure many different objects in school
- 25. Planning day – the school is closed

December

- 2. Flash light day (the children bring flashlights from home and we play with them inside and outside)
- 5. Sólbakki bakes Gingerbread cookies
- 6. Ólátagarður bakes Gingerbread cookies
- 7. Saltkráka bakes Gingerbread cookies
- 8. Skarkalagata bakes Gingerbread cookies
- 13. Nóaborg has Birthday – theatre in school
- 16. Christmas lunch (smoked lamb)
- 16. Red day (children and teachers wear something with red in it and we play with the color red)
- 20. Christmas party (we will no closer to the date how we can have it)



January

- 2. Formal program starts again
- 6. Sport day (the children bring sports clothing to wear)
- 13. Toy day (the children can bring a toy from home to play with)
- 20. The old Icelandic month Þorri starts and we celebrate that in the lunch with tasting of old traditional food

February

- 3. The day of Math is the first Friday in February and we will focus on counting different objects around school
- 6. The day of Preschool – Planning day and the school is closed (Háteigsskóli has also planning day for the younger children in school)
- 10. Sport day (the children bring sports clothing to wear)
- 20. Bun day and we will have special buns in the afternoon refreshment
- 21. Shrove Tuesday and we have salted lamb and pea soup for lunch
- 22. Ash Wednesday (costume party in the gym in the morning)
- 24. Yellow day (teachers and children wear something with yellow in it and we play with the color yellow)

March

- 3. Art day (different kind of art work)
- 10. Sport day (the children bring sports clothing to wear)
- 13. Parents start to meet the head teachers of each class – you will be noticed before
- 24. Reading day (we will play with reading in many ways)

April

- 5. Blue day (teachers and children wear something with blue in it and we play with the color blue)
- 5. Parents invited for breakfast between 8 and 9 AM (toast, cocoa/coffee)
- 14. IT day (work with IT in different ways)

May

- 5. Environment day where we focus on environment in different ways
- 8.-12. International week in Nóborg
- 12. Stripe day (teachers and children wear something with stripes in it)
- 19. og 22. Planning days – school closes because of study visit abroad
- 26. Open house in Nóborg from 3-4.30 PM. Presentation of what we have done during the winter program
 - ? A visit to a farm or something else – planned by the board of parents
 - ? Graduation trip (oldest children in Nóborg)
- 31. Formal graduation for the oldest children and their parents

June

- 2. Outdoor sport day
- 9. Outdoor Toy day (the children bring an outdoor toy from home to play with in the garden)
 - ? Pirate festival (planned by the board of parents)





Leikskóladagatal Nóaborgar 2022-2023

September

2. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður
8. Dagur læsis (spiladagur þar sem spiluð verða alls konar spil sem tengjast læsi)
12. Formlegt vetrarstarf hefst á öllum deildum
16. Útihreyfidagur
21. Aðalfundur foreldrafélagsins, kosning í stjórn foreldrafélagsins, kosning í foreldraráð og kynning á vetrarstarfi. Fundurinn haldinn í Brákarborg
23. Grænn dagur (allir koma í einhverju grænu í leikskólann)

Október

3. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður (Háteigsskóli með starfsdag á yngsta stigi)
7. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)
14. Dótadagur – börnin koma með leikföng að heiman
21. Formadagur – leikið með alls konar form á fjölbreyttan hátt
27. Náttfataball og bangsar. Börnin koma í náttfötum og með bangsa í tilefni af því að alþjóðlegur bangsadagur er 27. okt.

Nóvember

4. Hreyfidagur (börnin komi með íþróttaföt)
16. Dagur íslenskrar tungu
18. Aðstandendakaffi frá kl. 15-16 (Við bjóðum afa/ömmu, ættingjum/vinum eða öðrum aðstandendum sem tengjast barninu. Hámark er að tveir til fjórir komi frá hverju barni).
20. Mælingadagur þar sem við munum mæla hvaðeina sem okkur dettur í hug
25. Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

Desember

2. Vasaljósadagur – börnin koma með vasaljós að heiman og leikið með þau úti og inni
5. Piparkökubakstur – Sólbakki
6. Piparkökubakstur – Ólátagarður
7. Piparkökubakstur – Saltkráka
8. Piparkökubakstur – Skarkalagata
13. Afmæli Nóaborgar – leiksýning í salnum
16. Jólamaturlátur í hádeginu (hangikjöt og tilheyrandi)
16. Rauður dagur (allir koma í einhverju rauðu)
20. Jólball Nóaborgar (fyrirkomulag og staðsetning ákvarðast þegar nær dregur)

Leikskóladagatal Nóaborgar 2022-2023

Janúar

- 2. Skipulagt starf hefst að nýju eftir jólafrí
- 6. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 13. Dótadagur (börnin koma með leikföng að heiman)
- 20. Þorri hefst – þorrablót í leikskólanum

Febrúar

- 3. Dagur stærðfræðinnar er fyrsti föstudagur í febrúar – Talningadagur þar sem við teljum eitt og annað í leikskólanum
- 6. Dagur leikskólans – Skipulagsdagur (starfsdagur á yngsta stigi í Háteigsskóla)
- 10. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 20. Bolludagur
- 21. Sprengidagur
- 22. Öskudagur (búningaball í leikskólanum fyrir hádegi)
- 24. Gulur dagur (allir klæðast einhverju með gulu í)

Mars

- 3. Listasmiðjudagur – settar verða upp ólíkar listasmiðjur og börnin velja sér svo eftir áhuga hvaða smíðju þau heimsækja (ein eða fleiri eftir áhuga)
- 10. Hreyfidagur (börnin koma með íþróttaföt)
- 13. Foreldraviðtöl hefjast og mun deildarstjóri hvernar deildar auglýsa dagsetningar
- 24. Læsisdagur þar sem við leikum okkur með læsi á fjölbreyttan hátt

Apríl

- 5. Blár dagur – allir koma í einhverju með bláu í
- 5. Foreldrum boðið í morgunmat á milli kl. 8 og 9 (ristað brauð, kakó/kaffi)
- 14. Upplýsingatæknidagur - unnið með upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt.

Mái

- 5. Umhverfisdagur þar sem við vinnum með umhverfisvernd með ýmsum hætti.
- 8.-12. Alþjóðavika leikskólans
- 12. Röndóttur dagur – allir koma í einhverju röndóttu
- 19. og 22. Skipulagsdagar, leikskólinn lokaður vegna námsferðar starfsfólks.
- 26. Opið hús í Nóaborg frá kl. 15-16.30 (sýning á vetrarstarfi)
- ? Sveita/fjöruferð í samráði við foreldrafélagið
- ? Útskriftarferð elstu barna
- 31. Formleg útskrift elstu barnanna

Júní

- 2. Útihreyfidagur (leikir og þrautir í garðinum)
- 9. Útidótadagur (börnin koma með útileikföng að heiman)
- ? Sjóræningjahátíð í samráði við foreldrafélagið